



EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns og framkvæmdastjóra	4
Samstæðuársreikningur 2008	
- Skýrsla stjórnar	6
- Áritun óháðs endurskoðanda	7
- Rekstrarreikningur ársins 2008	8
- Efnahagsreikningur 31. desember 2008	9
- Sjóðstreymi ársins 2008	10
- Skýringar	11

Hönnun: Stíll.

Prentun: Ásprent og Stell.

Ljósmyndir: Kristján Kristjánsson.



Ágætu félagsmenn.

Árið 2008 er án efa eitt örlagaríkasta ár íslenskrar þjóðar. Engin þjóð hefur gengið í gegnum eins miklar efnahagslegar ófarir og Íslendingar, þar sem í senn skall á banka-, gjaldveysis- og efnahagskreppa. Á einni viku hrundi nánast allt fjármálakerfi þjóðarinnar. Mikil óvissa umleikur flest allt í okkar efnahagslífi og viðfangsefni þjóðarinnar í dag eru af áður óþekktri stærðargráðu. Næstu ár verða því erfið fyrir einstaklinga og fyrirtæki og líklega er nokkuð í að viðspyrnu verði náð.

Félagið hefur haft fjárfestingastarfsemi með höndum allt frá breytingu þess á árinu 2001 og hefur haft það að markmiði að eiga eignarhluti í fyrirtækjum eins og fram kemur í 2. grein samþykpta félagsins. Eins og flestum er kunnugt hafa fjárfestar og eigendur fyrirtækja farið mjög illa út úr þessu hruni. Flest fjárfestingarfélög heyra nú sögunni til eða eru í miklum vandræðum. Hér hefur átt sér stað gríðarlegur eignabruni.

KEA lagaði eignasafn sitt að þeim breytingum sem voru í vændum - fjármunir voru færðir í áhættuminni eignaflokka, skuldsetning minnkuð, eignir í skráðum hlutabréfum og verðbréfasjóðum voru seldar og andvirði ráðstafað í innlán og bankaskuldabréf. Enginn gerði þó ráð fyrir þeim miklu atburðum sem áttu sér stað sl. haust sem leiddu af sér að forsendum fjárfestinga í fjármálafyrirtækjum var kollvarpað með neyðarlögnum svokölluðu.

Afkoma KEA tekur mjög mið af þeim atburðum sem að framan er lýst og rekstrartap síðasta árs nam 1,6 milljarði króna. Félagið hefur hinsvegar náð að verja lausafjárstöðu sína og vert er að hafa í huga að fjárfestingagæta félagsins er enn töluverð og kaupmáttur lausafjár félagsins er meiri í dag en fyrir bankahrunið. Eins og áður eru eignir verðmetnar með varfærnum hætti en óvissa um verðmæti þeirra er engu að síður mikil. Það

er von félagsins að miðað við þekktar upplýsingar hafi nægjanlega verið lagt til hliðar til að mæta mögulegri virðisryrnun eigna. Eigið fé í árslok var um 3,8 milljarðar króna, félagið var nánast skuldlaust á sama tíma og eiginfjárlutfall um 90%. Félagsmönnum fjölgaði um 8% á síðasta ári eða rúmlega 1.100 manns. Þátttaka í félaginu í gegnum KEA kortið er mikil og félagið skiptir miklu máli fyrir félagsmenn sína. Ætla má að þeir afslættir sem félagsmenn KEA njóta á hverju ári nemi á annað hundrað milljónum króna.

Tekist hefur að forða félaginu frá örlögum flestra hliðstæðra félaga á Íslandi en þau hafa nánast öll lent í verulegum erfiðleikum eða orðið gjaldþröta. KEA valdi að nýta sér hátt vaxtastig og vera lítið skuldsett í stað þess að fjárfesta í skuldsettum fyrirtækjum eða skuldsettum hlutabréfastöðum. Félagið var stundum gagnrýnt fyrir þá afstöðu en fullyrða má að sú stefna hefur gert það að verkum að félagið lifir, eitt örfárna fjárfestingarfélag á Íslandi.

KEA er nú 123 ára gamalt. Það hefur staðið af sér tvær djúpar heimskreppur sem og aðra tímabundna erfiðleika í rekstrarumhverfi þess. Hár aldur félagsins er tilkominn vegna aðlögunarhæfni þess og henni verður að viðhalda. Það eru krefjandi tímar framundan fyrir íslenskt atvinnulíf. KEA mun hér eftir sem hingað til reyna að fóta sig í nýju umhverfi og halda áfram að gegna sínu mikilvæga hlutverki í samfélaginu í þágu félagsmanna sinna.

Ekki er raunhæft að ætla félaginu að starfa til frambúðar sem eignarhalds- og fjárfestingarfélag eins og það hefur gert allt frá árinu 2001, þar sem gert er ráð fyrir stöðugri veltu fjárfestingaverkefna sem skili sér í reglulegri afkomu. Aðstæður bjóða ekki upp á slíka starfsemi í nánustu framtíð - þar sem hlutabréfamarkaður er horfinn, skuldabréfamarkaður einsleitur og vaxtastig á niðurleið.

Stefnumótunarvinna á vormánuðum 2008 gerði ráð fyrir því að rekstrarumhverfi fjárfestingar- og eignarhaldsfélaga færi versnandi og væri jafnvel að þverra. Sú hefur orðið raunin. Niðurstaða þeirrar stefnumótunar gerði ráð fyrir að félagið færði starfsemi sína nær kjarnastarfsemi þannig að fjárfestingagetu félagsins yrði beitt að mestu í einn farveg eða eina starfsgrein. Þessar áherslur voru síðan staðfestar í stefnumótunarvinnu í upphafi þessa árs.

Við val á fjárfestingavalkostum, í samræmi við stefnumótun félagsins, þarf að líta til héraðslegrar tengingar, þátttöku félagsmanna í rekstri með viðskiptum við félagið og að félagsmenn hafi einsleita hagsmuni af þeim viðskiptum. Það verður ekki auðunnið verk að mæta þessum sjónarmiðum en í þessa átt mun félagið vinna næstu misserin. Enn er þó mikil óvissa um velflesta grundvallarþætti í atvinnulífi Íslendinga og því þarf, eins og áður, að vanda til verka. Tryggja þarf að félagið verði áfram sterkt þrátt fyrir ágjöf vegna þess mikla efnahagslega hruns sem við stöndum frammi fyrir.

SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR 2008
KEA svf.

Halldór Jóhannsson
framkvæmdastjóri

Hannes Karlsson
stjórnarformaður



SKÝRSLA STJÓRNAR

Starfsemin á árinu

Rekstur félagsins var með svipuðu móti í ár og síðastliðið ár. Tap KEA á árinu 2008 nam 1,6 milljörðum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 4,2 milljörðum króna, bókfært eigið fé í árslok er 3,8 milljarðar króna og er eiginfjárlutfall félagsins 90,8%.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Jöfnun á tapi

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi jöfnun á tapi ársins.

Eignaraðild

Í lok ársins voru félagsmenn í KEA svf. 15.478 talsins en voru 14.316 í upphafi árs.

Stjórn KEA svf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2008 með áritun sinni.

Akureyri, 20. apríl 2009

Í stjórn:

Hannes Karlsson
formaður

Björn Friðbjólfsson
varaformaður

Jóhannes Ævar Jónsson
ritari

Erla Björg Guðmundsdóttir
meðstjórnandi

Hallur Gunnarsson
meðstjórnandi

Njáll Trausti Friðbertsson
meðstjórnandi

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir
meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri:

Haldór Jóhannsson

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og félagsmanna KEA svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning KEA svf. fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2008, efnahag 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Akureyri, 20. apríl 2009

PricewaterhouseCoopers hf.

Davíð Búi Halldórsson
lögglitur endurskoðandi


REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrartekjur			
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur		593.912.409	303.237.460
Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld		(60.183.439)	(15.954.821)
Gangvirðisbreyting fjáreigna		(2.132.761.436)	493.934.862
		<u>(1.599.032.466)</u>	<u>781.217.501</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	55.988.421	54.130.496
Annar rekstrarkostnaður		53.923.010	52.111.149
		<u>109.911.431</u>	<u>106.241.645</u>
Hagnaður (tap) af fjármálastarfsemi		(1.708.943.897)	674.975.856
Veittir styrkir		(45.783.200)	(34.087.127)
Hagnaður (tap) fyrir skatta		(1.754.727.097)	640.888.729
Tekjuskattur	5	159.405.138	272.254.473
Hagnaður (tap) ársins		<u>(1.595.321.959)</u>	<u>913.143.202</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2008

Eignir	Skýr.	2008	2007
Markaðsverðbréf	7	164.860.297	2.755.564.670
Fjárfestingaverðbréf	8	964.426.888	2.154.279.181
Skuldabréf og aðrar kröfur	9	375.453.755	413.921.603
Tekjuskattsinneign	12	116.679.270	0
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	9.966.566	2.892.956
Aðrar eignir		441.296.699	420.815.281
Handbært fé		2.143.830.411	10.779.220
		<u>4.216.513.886</u>	<u>5.758.252.911</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Stofnsjóður félagsmanna		7.740.000	7.158.000
Lögbundinn varasjóður		1.789.500	1.789.500
Óráðstafað eigið fé		3.819.143.467	5.414.465.426
		<u>3.828.672.967</u>	<u>5.423.412.926</u>
Skuldir og skuldbindingar			
Tekjuskattsskuldbinding	12	0	103.771.927
Lántaka	11	265.001.436	111.285.652
Aðrar skuldir		122.839.483	119.782.406
		<u>387.840.919</u>	<u>334.839.985</u>
Eigið fé og skuldir		<u>4.216.513.886</u>	<u>5.758.252.911</u>



	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður (rekstartap)		(1.754.727.097)	640.888.729
Verðbætur og gangvirðisbreyting eigna og skulda		1.184.604.128	(566.455.720)
Niðurfærsla skuldabréfaeignar		774.360.585	0
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna		1.309.990	586.840
Veltufé frá rekstri án skatta		205.547.606	75.019.849
Rekstartengdar eignir (hækkun)		(14.458.509)	(5.614.071)
Rekstartengdar skuldir hækkun (lækkun)		8.313.487	(3.340.295)
Handbært fé frá rekstri án skatta		199.402.584	66.065.483
Greiddir skattar		(53.348.526)	(45.693.641)
Handbært fé frá rekstri		146.054.058	20.371.842
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð markaðsverðbréfa		(4.208.037.170)	(5.184.976.156)
Söluverð markaðsverðbréfa		6.888.018.844	5.712.909.198
Kaupverð fjárfestingaverðbréfa		(60.193.830)	(1.414.636.840)
Söluverð fjárfestingaverðbréfa		12.496.726	576.249.955
Kaupverð skuldabréfa og krafna		(1.079.701.782)	(404.301.044)
Afborganir skuldabréfa og krafna		347.634.001	1.014.851.450
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna		(8.383.600)	(860.000)
Aðrar kröfur, breyting		(6.022.909)	(130.900.746)
		1.885.810.280	168.335.817
Fjármögnunarhreyfingar			
Stofnsjóður félagsmanna	10	582.000	632.000
Nýjar langtímaskuldir		152.543.000	0
Afborganir langtímaskulda		(38.984.204)	(35.614.305)
Aðrar skuldir, breyting		(12.953.943)	(171.785.822)
		101.186.853	(206.768.127)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		2.133.051.191	(18.060.468)
Handbært fé í upphafi árs		10.779.220	28.839.688
Handbært fé í lok árs		2.143.830.411	10.779.220
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri		146.894.952	21.671.323

SKÝRINGAR

1. Starfsemi

KEA er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo slíkt mat sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreiknings dótturfélagsins KEA eignir ehf.

Ársreikningurinn er saminn í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyptrar eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Innlausn tekna

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar á markaðs- og fjárfestingaverðbréfum eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

**2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (frh)****Tekjuskattur**

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 15%.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Innréttingar og húsgögn	5-10 ár
Bifreið	5 ár

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Fjármálagerningur

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi eða virk viðskipti á óformlegum tilboðsmarkaði. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirði með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréf færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Eignarhlutir í hlutdeildar- og dótturfélögum eru færðir meðal fjárfestingaverðbréfa. Þeir eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu en ekki samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru ekki innifaldir í samstæðunni þar sem starfsemi þessara félaga er mjög ólík starfsemi móðurfélagsins. Eina undantekningin frá þessu er dótturfélagið KEA eignir ehf. sem er 100% í eigu KEA svf. KEA eignir ehf. er eignarhaldsfélag eins og móðurfélagið og er það innifalið í samstæðuársreikningnum.

Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2009. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrætti á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (frh)**Tekjuskattsinneign**

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattalegu tapi tímabilsins og kemur til frádráttar á næstu reikningsárum, færast til eignar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsinneign. Mismunur þessi stafar af því að skattalegt tap samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en tap fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í ársreikningi en skattauppgjöri.

Reiknuð tekjuskattsinneign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfærðs ónýtt skattalegs taps, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra, en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsinneign er metin við því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

Lántaka

Lántaka er færð á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna lántöku eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Arður

Arður er færður í ársreikning þegar aðalfundur/hluthafafundur hefur samþykkt að greiða arðinn út.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu, s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.



SKÝRINGAR

4. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2008	2007
Laun	36.474.890	35.749.450
Launatengd gjöld	12.198.300	11.725.665
Laun og launatengd gjöld stjórnar	7.315.231	6.655.381
	<u>55.988.421</u>	<u>54.130.496</u>
Meðalfjöldi starfa	4	4

Laun og þóknarir til stjórnar og stjórnenda námu 21,5 millj. króna á árinu og greinast þannig:

Haldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri	15.060.000
Hannes Karlsson, formaður stjórnar	1.400.000
Björn Friðþjófsson, varaformaður stjórnar	1.050.000
Jóhannes Ævar Jónsson, ritari	700.000
Erla Björg Guðmundsdóttir, meðstjórnandi	700.000
Hallur Gunnarsson, meðstjórnandi	700.000
Njáll Trausti Friðbertsson, meðstjórnandi	600.000
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, meðstjórnandi	700.000
Benedikt Sigurðarson, meðstjórnandi	100.000
Ásgeir Helgi Jóhannsson, varamaður	120.000
Birgir Guðmundsson, varamaður	210.000
Guðný Sverrisdóttir, varamaður	150.000
	<u>21.490.000</u>

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris-, eftirlaunagreiðslur eða kaupauka.

5. Skattar ársins

Reiknaður tekjuskattur samstæðunnar af hagnaði (tapi) fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2008	2007
Hagnaður (tap) fyrir skatta	(1.754.727.097)	640.888.729
Tekjuskattur miðað við 15% skattshlutfall (18% 2007)	(263.209.065)	115.359.971
Áhrif vegna breytinga á skattalögum	(105.236.419)	0
Dótturfélög	0	(378.273.372)
Ófrádráttarbærir styrkir	6.867.480	5.465.962
Aðrir liðir	202.172.866	(14.807.034)
	<u>(159.405.138)</u>	<u>(272.254.473)</u>

SKÝRINGAR

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreið	Innréttingar og húsgögn	Samtals
Bókfært verð 1/1	0	2.892.956	2.892.956
Viðbót á árinu	7.800.000	583.600	8.383.600
Afskrifað á árinu	(650.000)	(659.990)	(1.309.990)
Bókfært verð 31/12	<u>7.150.000</u>	<u>2.816.566</u>	<u>9.966.566</u>

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna eru færðar meðal annars rekstrarkostnaðar.

7. Markaðsverðbréf

Skráð markaðsverðbréf greinast þannig:

	Nafnverð	Markaðsverð
Bakkavör hf	359.245	905.297
Exista hf	783.646	31.346
Straumur - Burðarás Fjárfestingabanki hf.	1.323.807	0
P/F Foroya banki	59.570	163.923.654
Skráð hlutabréf samtals	<u>2.526.268</u>	<u>164.860.297</u>

8. Fjárfestingaverðbréf

Eignarhlutar í fjárfestingaverðbréfum greinast þannig í árslok:

	Eignarhluti	Nafnverð
Askar China ehf	4,44%	19.493.807
Ásprent - Still ehf	59,06%	78.550.000
City Center Properties	10,00%	118.387.495
Fasteignafélagið Klappir ehf	100,00%	500.000
Grand hótél Mývatn ehf	1,55%	1.000.000
Greið leið ehf	29,20%	22.675.730
H98 ehf	50,00%	22.750.000
Hraun í Öxnadal ehf	16,67%	2.000.000
Hreinsitækni ehf	22,91%	1.000.000
Kælismiðjan Frost ehf	20,75%	415.000
Norðurvegur ehf	27,00%	5.000.000
Norlandair	14,80%	20.000.000
Orkuvörður ehf	9,10%	2.000.000
Saga Capital hf	9,40%	913.043.487
Sandblástur og málmhúðun hf	44,00%	2.875.136
Slippurinn Akureyri hf	10,00%	5.000.000
Sparisjóður Höfðhverfinga	9,97%	8.506.330
Tækifæri hf	33,44%	255.606.225
Útgáfufélagið ehf	71,00%	355.000
Þekkingarvörður ehf	17,86%	6.237.141
Þekking Tristan hf	50,00%	51.954.036



SKÝRINGAR

9. Skuldabréfaeign og aðrar kröfur

Afborganir af skuldabréfaeign og öðrum kröfum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2009	137.665.767
Árið 2010	201.536.380
Árið 2011	14.738.744
Árið 2012	547.391
Síðar	20.965.473
	<u>375.453.755</u>

10. Eigið fé

	Stofnsjóður félagsmana	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Staða 1/1	7.158.000	1.789.500	5.414.465.426	5.423.412.926
Innborgað í stofnsjóð	582.000			582.000
Tap ársins			(1.595.321.959)	(1.595.321.959)
Staða 31/12	<u>7.740.000</u>	<u>1.789.500</u>	<u>3.819.143.467</u>	<u>3.828.672.967</u>

11. Lántaka

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

Skuldir í NOK, vextir 8,49% 178.674.100

Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggðar skuldir, vextir 4,0% 86.327.336

Langtímaskuldir samtals 265.001.436

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2008 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2009	43.163.668
Árið 2010	43.163.668
Árið 2011	178.674.100
	<u>265.001.436</u>

SKÝRINGAR

12. Tekjuskattsskuldbinding (-inneign)

Staða 1/1	103.771.927
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2008	(159.405.138)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2009	(61.046.059)
Staða 31/12	<u>(116.679.270)</u>

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) greinist þannig á eftirfarandi liði:

Varanlegir rekstrarfjármunir	2.127.213
Víðskiptakröfur og skuldabréfaeign	(118.806.483)
	<u>(116.679.270)</u>

13. Ábyrgðir og önnur mál

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings nema um 171,1 milljónum króna og eru sjálfskuldarábyrgðir sem félagið hefur veitt.

